

109 *Brjef stjórnarráðsins til borgarstjórans í Reykjavík um hluta dvalarsveitar*
14. ág. af barnsmeðlagi.

Hreppsnefnd Seyðisfjarðarhrepps hefir skotið hingað ágreiningsmáli milli hreppsins og Reykjavíkurbæjar um það, hvort bærinn eigi að endurgreiða hreppnum 19 kr. 25 au. af fátækrastrýrk til Kristjönu Jónsdóttur frá Fögruvöllum.

Árið 1914 var nefndri stúlku veittur styrkur í Seyðisfjarðarhreppi til framfærslu tveggja óskilgetinna barna hennar, og var með úrskurði stjórnarráðsins, dags. 1. júní f. á., ákveðið, að Reykjavíkurbær skyldi endurgeiða hreppnum 73 kr. 84 au. af þeim styrk.

Barnsaðir Kristjönu er Sigurður Jónsson á Fögruvöllum, sem er sveitlægur í nefndum hreppi, og hafði sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu úrskurðað, að hann skyldi greiða 50 kr. ársmeðlag með hvorutveggja umgetinna barna. Fjell meðlagið með barninu Rannveigu í gjalddaga 9. febrúar f. á. og með barninu Margrjeti í gjalddaga 14. apríl s. á. Þegar meðlög þessi af hálfu Reykjavíkurbæjar voru krafín af Seyðisfjarðarhreppi, dró hreppsnefndin frá hinum úrskurðuðu meðlögum tiltölulegan hluta fyrir þann tíma, sem hún taldi að börnin hefðu dvalið á sveitarframfæri í hreppnum, fyrir Rannveigu 13 kr. 70 au. og fyrir Margrjeti 5 kr. 55 au., eða samtals 19 kr. 25 a. Þessu var af borgarstjóra mótmælt fyrir hönd Reykjavíkurbæjar og þegar hann síðar greiddi hreppnum framangreindar 73 kr. 84 a., dró hann nýnefndar 19 kr. 25 a. frá þeirri upphæð.

Stjórnarráðið verður nú að telja, að Seyðisfjarðarhreppur eigi kröfu til að fá endurgreiddan $\frac{1}{3}$. hluta af föðurmeðlögum fyrir þann tíma, er hreppurinn greiddi $\frac{1}{3}$. hluta af kostnaði við framfærslu barnanna.

Samkvæmt reikningi hreppsnefndar, dags. 25. maí 1914, greiddi Seyðisfjarðarhreppur fyrir framfærslu Rannveigar um tímabilið frá 9. febr. til 15. maí s. á. eða 96 daga af meðlagsárinu, en meðlagið um þann tíma er hlutfallslega 13 kr. 15 a. og $\frac{1}{3}$. hluti af því 4 kr. 38 a. Samkvæmt sama reikningi greiddi Seyðisfjarðarhreppur meðlag með barninu Margrjeti að eins um tímabilið til 8. febr. 1914 og því um engan hluta af umræddu meðlagsári.

Samkvæmt þessu er hjermeð úrskurðað, að Reykjavíkurbær skuli greiða Seyðisfjarðarhreppi 4 kr. 38 a.

Þetta er yður, herra borgarstjóri, hjermeð tjáð til leiðbeiningar.

110 *Brjef stjórnarráðsins til fræðslumálastjórans viðvíkjandi eftirliti hjeraðslækna*
6. sept. með barna- og unglíngaskólum.

Stjórnarráðið hefir ákveðið, að allir barna- og unglíngaskólar skuli háðir eftirliti hlutadeigandi hjeraðslæknis, og að skóla- og fræðslunefndir skuli skyldar að gera hjeraðslækni aðvart á hverju hausti um fyrirhugaða barnafræðslu, og forstöðumenn unglíngaskóla um fyrirhugaða unglíngakenslu, og biðja hjeraðslækni að lita eftir því: